

# Reglugjörð

8  
7. jan.

## um bráðabirgðaútflutningsgjald.

Samkvæmt lögum 14. júní 1918, um bráðabirgðaútflutningsgjald, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um gjald þetta:

### 1. gr.

Meðan Norburálfuófríðurinn stendur og ráðuneyti Íslands fer með verslun innlendra vörutegunda eða sjer um útflutning á þeim, skal greiða í landssjóð 3<sup>0</sup>/<sub>0</sub> af andvirði því, er greiðast skal seljendum varanna eða þeim, sem þær eru teknar hjá eignarnámi.

### 2. gr.

Útflutningsnefnd eða sá, sem fyrir hönd landsstjórnarinnar sjer um útflutning varanna, innheimtir skatt þenna á þann hátt, að hún dregur hann frá fjárhæð þeirri, sem greiða á hverjum einstökum fyrir vörur þær, er ræðir um í fyrstu grein.

### 3. gr.

Útflutningsnefnd eða sá, sem gegnir samskonar starfi, skal hafa viðskiftareikning í bókum sínum fyrir hvern þann, sem hún kaupir eða á annan hátt fær vörur hjá, til útflutnings fyrir hönd landsstjórnarinnar, og skal hún í reikningi þessum tilfæra allan kostnað, sem leiðir af kaupum eða móttöku og útflutningi þeirrar vöru, landssjóði að skaðlausu. Ef það kemur fram, að landssjóður hafi eigi þurft, vegna afskifta sinna af vörum hvers einstaks viðskiftamanns, að leggja fram alla þá fjárhæð sem skattur hvers einstaks nemur, skal honum endurgreiddur mismunurinn að tilhlutun útflutningsnefndar eða þess, er gegnir samskonar starfi, eins fljótt og verða má.

### 4. gr.

Vörurnar, andvirði þeirra og váttryggingarupphæð er að veði fyrir gjaldinu.

### 5. gr.

Útflutningsnefnd eða sá sem gegnir samskonar starfi, skal gera reikningsskil fyrir gjaldi þessu eftir nánari ákvæðum fjármáladeildar stjórnarráðsins.

### 6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi og nær til þeirra vara, sem landsstjórnin hefir orðið að hafa afskifti af, samkv. 1. gr., eftir 14. júní 1914.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máll.

**Í stjórnarráði Íslands, 7. janúar 1919.**

**Sig. Eggerz.**

*Magnús Guðmundsson.*